

FUNDARGERÐ

612. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 17. desember, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Þórey Richardt Úlfarsdóttir og Pálmi Kristjánsson

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III – 7 Stjórnunar- og verndaráætlun Dyrhólaeyjar.

III – 8 Vinnustytting áhaldahúss Mýrdalshrepps.

Afbrigðin samþykkt samhljóða.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 286. fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Garðakot – Deiliskipulagstillaga

Nefndin samþykkti að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar og óskaði eftir umsögnum frá viðeigandi aðilum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2.2. Gönguleiðir í Vík

Nefndin samþykkti tillögu um menningartengdar gönguleiðir í Vík

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2.3. Sunnubraut 33 – Umsókn um byggingarleyfi

Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar vegna framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2.4. Hátún 5-11 – Umsókn um byggingarleyfi

Nefndin samþykkti umsókn frá Óðni Gíslasyni um byggingarleyfi vegna byggingar stöðuveggs á lóðarmörkum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- 2.5. Víkurbraut 13 – Umsókn um byggingarleyfi
Nefndin samþykkti ekki umsóknina en lagði til að fulltrúar sveitarfélagsins boði Rarik á fund til að ræða framtíðarstaðsetningu húsnæðis fyrirtækisins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar

- 2.6. Reynir – Umsókn um leyfi til niðurrifs
Nefndin samþykkti umsókn frá Ólafi Steinari Björnssyni um leyfi til niðurrifs hlöðu á Reyni og fól skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar

- 2.7. Umsókn frá Björgunarsveitinni Víkverja vegna skógræktarreiðs.
Nefndin fagnaði áttakinu „Skjótum rótum“ sem er á vegum björgunarsveitanna en áskildi sér rétt til að skoða betur gögn og aðstæður áður en úthlutun fer fram.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun Dyrhólaeyjar.

Lögð fram drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dyrhólaey.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur til að áætluninni verði breytt á þann veg að opið verði fyrir almenna umferð upp á Háey Dyrhólaeyjar þó að aðal aðkomusvæði verði á Lágey og umferð hópferðabifreiða verði beint þangað. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að vegur upp á Háey verði malbikaður og mælist jafnframt til þess að fullt samráð verði haft við landeigendur ef upp koma áform um framkvæmdir á vegum annarra ríkisstofnana á Dyrhólaey og almennt um málefni svæðisins.

4. Svæðisskipulag Suðurhálandis.

Lagt fram minnisblað vegna vinnslu svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið. Í minnisblaðinu kemur fram tillaga að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga sem standa að verkefninu.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir að taka þátt í gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið og að fulltrúar í starfshóp verði oddviti og Páll Tómasson en til vara verði Ingi Már Björnsson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að ráðgjafar EFLU leiði vinnuna og samþykkir jafnframt þá kostnaðarskiptingu sem lögð er til og drög að starfsreglum.

5. Hálandisþjóðgarður.

Lagt fram erindi frá Samtökum ferðaþjónustunnar þar sem óskað er eftir afstöðu Mýrdalshrepps til lagafrumvarps um hálandisþjóðgarð. Sveitarstjórn samþykkir svohljóðandi bókun og felur jafnframt sveitarstjóra að senda hana inn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis sem umsögn við frumvarpið.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggst gegn frumvarpi um hálandisþjóðgarð í núverandi mynd. Frumvarpið býður upp á of mikla miðstýringu og því leggur sveitarstjórn til eftirfarandi breytingar:

- Efni stjórnunar- og verndaráætlunar verði ekki háð reglugerð frá ráðherra heldur verði meginmarkmið hennar betur skilgreind í lögnum og endanleg útfærsla á hendi umdæmisráða.
- Tryggt verði að ekki verði settar reglur um takmörkun á umferð nema til komi samþykki þess sveitarfélags sem fer með skipulagsvald á svæðinu.
- Ekki verði innheimt gjöld innan þjóðgarðs án samráðs við það sveitarfélag sem fer með skipulagsvald á svæðinu og ef til slíkrar gjaldtöku kemur skal í það minnsta helmingur alls þess fjár renna til sveitarfélagsins.
- Lögin verði orðuð þannig að svigrúm verði til þess að atvinnustefna þjóðgarðsins taki mið af ólíkum aðstæðum innan hans. Í því samhengi er nauðsynlegt að hafa í huga að óvíst er að sömu sjónarmið gildi um starfsemi sem rekin er á jöðrum þjóðgarðsins og hins vegar á hinu eiginlega hálendi Íslands.

6. Framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborana í Reynisfjalli.

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborana fyrir jarðgangnamunna Reynisfjallsgangna.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

7. Mat á umhverfisáhrifum – Lava Concept Iceland ehf.

Lögð fram fyrirspurn frá Lava Concept ehf. um matsskyldu framkvæmdar í C-flokki vegna efnistöku og efnisvinnslu í landi Fagradals og Mýrdalshrepps. Sveitarstjórn hafði áður óskað eftir nýjum umsögnum vegna þess að ný tillaga gerði ráð fyrir umtalsvert minni efnistöku en áður var áformuð.

Sveitarstjórn hefur farið yfir umsagnir sem bárust og telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

8. Fundargerð fræðslunefndar.

Lögð fram til kynningar 257. fundargerð fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 8. desember 2020.

9. Fundargerðir fjallskilaneftnda.

Lagðar fram eftirfarandi fundargerðir:

- 9.1. Fundargerð fjallskilaneftnda vestari frá 8. desember 2020.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 9.2. Fundargerð fjallskilaneftnda eystri frá 4. desember.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

10. Stafrænt ráð sveitarfélaga á Suðurlandi.

Lagt fram erindi frá Friðrik Sigurbjörnssyni formanni stafræns ráðs sveitarfélaga á Suðurlandi þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar við tillögu að kostnaðarskiptingu vegna verkefnisins en hlutur Mýrdalshrepps væri skv. tillögunni 286.043 kr.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

11. Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2021.

Tekin var til síðari umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árin 2021-2024. Heildartekjur A og B hluta ársins 2021 eru áætlaðar 727 milljónir og rekstrargjöld án afskrifta 625,1 milljónir, afskriftir 45,1 milljónir, rekstrarafgangur samstæðunnar þ.e. A og B hluta fyrir fjármagnsliði er áætlaður 56,7 milljónir.

Afborganir langtímalána á árinu 2021 áætlaðar 36,8 milljónir.

Gert er ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán uppá 150 milljónir.

Á árinu 2021 eru fjárfestingar sveitarfélagsins áætlaðar 150,5 milljónir að frá dregnum áætluðum gatnagerðar- og tengigjöld upp á 23,4 milljónir.

Áfram verður unnið markvisst að því að tryggja undirstöður samfélagsins. Stefnt að því tryggja vandaða og öflugan grunnþjónustu við íbúa og styðja eins og kostur er við alla frekari uppbyggingu og styrkingu atvinnulífs í sveitarfélaginu. Áfram verður unnið að endurbótum á eignum sveitarfélagsins og gatnagerð. Gert er ráð fyrir að undirbúningur og framkvæmdir við bygginu nýs leikskóla hefjist á árinu 2021 og að þeim ljúki 2022. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 2021 verði 150 milljónir sem eru fjármagnaðar með langtímaláni. Áætlaður heildarkostnaður við nýjan leikskóla er 350 milljónir.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir við síðari umræðu framlagða fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2021-2024.

12. Styrkveiting til Halldórsbúðar.

Lögð fram tillaga um styrkveitingu til byggingar Halldórsbúðar í formi niðurfellingar byggingarleyfisgjalds og gatnagerðargjalda.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

13. Sveitarfélagið Suðurland.

Lagt fram minnisblað frá verkefnishópi um sveitarfélagið Suðurland.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir að hefja könnun á möguleikum á sameiningu sveitarfélaganna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa oddvita, sveitarstjóra og Pál Tómasson sem aðalfulltrúa í samstarfsnefnd og Inga Mía Björnsson og Þórey Richardt Úlfarsdóttur til vara.

Sveitarstjórn lýsir því jafnframt yfir að ekki verði nýtt heimild í 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa.

14. Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2021.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2021.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti áætlunina.

15. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Lögð fram tillaga frá félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti áætlunina.

16. Ábyrgð vegna lántöku Byggðasafnsins á Skógum.

Lögð fram tillaga um að Mýrdalshreppur ásamt hinum eigendum Byggðasafnsins veiti einfalda ábyrgð vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Byggðasafnsins í Skógum hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 28.000.000 kr. til 12 ára, í samræmi við fyrirliggjandi lánsumsókn. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafninu í Skógum. Sveitarstjórnin veitir Lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til endurfjármögnun á afborgunum eldri lána 2020 og 2021 hjá sjóðnum auk fjármögnun á framkvæmdum Byggðasafnsins 2018, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafnsins í Skógum til að breyta ekki ákvæði samþykktu Byggðasafnsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Mýrdalshreppur selji eignarhlut í Byggðasafninu í Skógum til annarra opinberra aðila, skuldbindur Mýrdalshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Þorbjörgu Gísladóttur sveitarstjóra, kt.010263-4339 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Mýrdalshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánessamninginn

17. Vinnustytting áhaldahúss Mýrdalshrepps.

Lögð fram tillaga að útfærslu á vinnustyttingu í áhaldahúsi Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn staðfestir tillöguna.

18. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

18.1. Fundargerð aðalfundar Bergrisans, haldinn 25. nóvember 2020.

- 18.2. Fundargerð aðalfundar Skógasafns, haldinn 14. september 2020.
- 18.3. Fundargerð 9. fundar stjórnar Skógasafns, haldinn 14. september 2020.
- 18.4. Fundargerð 891. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 20. nóvember 2020.
- 18.5. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, haldinn 30. október 2020.
- 18.6. Fundargerð Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu, haldinn 26. nóvember 2020.
- 18.7. Fundargerð Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu, haldinn 10. desember 2020.
- 18.8. Fundargerð 10. fundar stjórnar Skógasafns, haldinn 27. nóvember 2020.
- 18.9. Fundargerð 10. fundar stjórnar Skógasafns, haldinn 10. desember 2020.
- 18.10. Fundargerð sveitarstjórnarfulltrúa með Vegagerðinni 14. desember 2020.

19. Kynningarefni.

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

- 19.1. Fræðslustjóri að láni. Greining fræðsluþarfa almennra starfsmanna sveitarfélagsins.

Oddviti óskar bókað:

Oddviti þakkar starfsfólki sveitarfélagsins og samstarfsfólki í sveitarstjórn fyrir gott samstarf á árinu sem senn er á enda og óskar þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:45

Einar Freyr Elínarson, oddviti

Ingi Már Björnsson

Drífa Bjarnadóttir

Pálmi Kristjánsson

Pórey Richardt Úlfarsdóttir